

# FJARÐAR pósturinn

á tuttugasta  
ári!

28. tbl. 20. árg. 2002

Fimmtudagur 18. júlí

Upplag 7.500 eintök. Dreift frítt í Hafnarfirði

#02-2002  
sph  
100 ára

www.sph.is

## Strandgatan endurnýjuð

Affall frá miðbæjarhúsunum nýtt til snjóbræðslu

Á hverju sumri er unnið að viðhaldi gatnakerfis bæjarins. Margir telja að ekki sé nóg að gert og víst að mun meira væri gert ef nægt fjármagn væri fyrir hendi.

Þessa dagana eru verktakar að vinna við endurnýjun Strandgötunnar frá Gunnarssundi að Mjó-sundi og er sett ný snjóbræðsla í götuna og gangstéttar endurnýjaðar. Aður hefur verið skipt um steina í götunni en þá hefur verið tekið lítið svæði fyrir í einu svo vegfarandur hafa ekki orðið mikils varir. Reynt er eftir megni að hindra ekki umferð um götuna sem verður þó óumflýjanlegt á einhverjum stigum en sem betur fer eru vegalengdir ekki langar og ágæt bílastæði við Fjörð og í bílakjallaranum.

**Gafl fyrir og eftir kosningar**  
Gatið eftir niðurrif Hafnarfjarðarbíós setur enn ljótan svip á bæinn og ekkert bólar á framkvæmdum þar. Gaman er að minnast ábendinga í Samfylkingarblaðinu fyrir kosningar þar sem bent var á þessi lýti og talið eðlilegt að Hafnarfjarðarbær bætti útlit gaflanna. Nú eru Sam-



Ljósni: Guðni Gleason

fylkingargaflarar komnir í meirihluta og gaflarnir hljóta að fá andlitslyftingu.

Allar tengingar eru í svona kistum eins og sést fremst á myndinni og auðvelt á að vera að stýra rennsli til að tryggja góða hitadreifingu.

## Viðhaldsfé helmingi of lágt?

Eins og sjá má á mynd af ráðhúsi bæjarins þá er viðhaldi ekki alltaf sinnt eins og skyldi. Það hefur verið ein af röksemdum fyrir einkaframkvæmdum en það er undarlegt ef rétt er að einungis sé settur helmingur af því fé sem byggingadeild

bæjarins áætla að þörfin sé, í viðhald fasteigna bæjarins. Viðhald skólalóða hefur verið færð til deildarinnar án þess að auka fjármagn hafi verið tryggt.

Kannski ætti að bjóða út yfirstjórnina þó kannski væri réttara að mála þakið fyrst.



Ljósni: Guðni Gleason

## Fjarðar-pósturinn eltir skátana

Landsmót skáta er hafið að Hömrum við Akureyri. Þar safnast saman skátar af öllu landinu auk mikils fjölda erlendra skáta sem sumir hverjir koma langt að.

Álfar og töll er þema mótsins og fjölmargt í boði sem tengist þjóðsögum um álfa og tröll.

Vættadagur nefnist heim-sóknardagurinn sem er á laugar-dagurinn og verður mikið um dýrðir þennan dag og búist er við mikilli gestakomu en gestir fá að taka þátt í dagskránni og nóg að gera fyrir börnin.

Hafnafirskir skátar fjölmenna á mótið og margir eldri skátar hafa tekið að sér dagskrárpósta. Fylgist með á fréttasíðu mótsins: [www.scout.is/motsvefur](http://www.scout.is/motsvefur) Vefstjórar eru 16 ára gamlir skátar úr Hafnarfirði Jakob Guðna-son og Jón Þór Gunnarsson.



Hluti Hafnafirðinganna ásamt bandarískum og dönskum skátum halda af stað sl. þriðjudag.

## Villareal náði jafntefli við FH

Þeir stóðu sig vel FH-ingarnir í fótboltanum um helgina er þeir gerðu jafntefli við spænska liðið Villareal 2-2 en gestirnir skorðu jöfnunarmarkið undir lok leiksins eftir varnarmistök FH-inga. Sjá nánar á baksíðu.

# Opið allar helgar kl. 10-20

Samkaup Hafnarfirði

Heimasíða Samkaupa er: [www.samkaup.is](http://www.samkaup.is)

## SAMKAUP

...gæði og ferskleiki!

# FJARÐAR pósturinn

Útgefandi: Keilir ehf.

Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði  
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is

Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason

Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is

Umbrot: Hönnunarahúsið, umbrot@fjardarposturinn.is

Prentun: Steinmark ehf.

Dreifing: Islandspóstur

www.fjardarposturinn.is

## Leiðarinn



Vinnuskólinn var til umræðu í síðasta leiðara og hafa borist hörd viðbrögð frá starfsmönnum Vinnuskólans. Viðmælendur nokkrir hafa hins vegar fagnað því að þetta mál yrði rétt svo víst er að sitt sýnist hverjum eins og eðlilegt er.

Af því tilefni er rétt að geta þess að leiðarinn byggist á persónulegri skoðun þess sem hann ritar enda skrifaður undir nafni. Oft byggist hann á samtölum við bæjarbúa og er ágætur vettvangur til að vekja máls á hlutum sem ekki er kannski ástæða til að setja fram á áberandi hátt í grein.

Engin ástæða er til að ætla að Vinnuskólinn beri ábyrgð á allri snyrtingu og viðhaldi í bænum, langt því frá. Að halda við stóru bæjarfélagi er ekkert lítið mál en alls ekki meira en að halda snyrtilegur litlu samfélagi þar sem samlegðaráhrif gerir stærri sveitarfélögunum hægar um vik.

Engin ástæða er til þess að útskýra leiðara síðasta blaðs, hann var ekki flóknari en svo að verið var að koma á framfæri ábendingum um að vinnubrögð sem sést hafa til starfsmanna skólans hafa ekki verið til fyrirmyndar. Hvorki er átt við alla starfsmenn skólans né er verið að leggja mat á störf vinnuskólans í heild.

Nú er landinn lagstur í ferðalög og stóru einbýlishúsin standa ónotuð á meðan íbúarnir kúra sig í nokkurra fermetra tjaldhýsum með aðstöðu sem gerði hverja húsmóður (sama af hvoru kyninu hún er) brjáláða. En öllum líður vel í þrengslunum og þægindin sem keypt hafa verið svo dýru verði skipta engu máli lengur. Svona erum við mannskepnumar skrytnar.

Sumarbústaðaeign landsmanna eykst ár frá ári og þar er sama sagan, byggð eru einbýlishús í skalanum 1:5 og afmælisgjafanglingrið sem hvergi mátti vera er haft í hávegum og ekkert er gaman nema hægt sé að dunda sér eitthvað við viðhald á bústaðnum, nokkuð sem væri skelfilegt ef einbýlishúsið þarfnæðist viðhalds. Bústaðirnir stækka, verðið hækkar og lóðarverðið hækkar líka. Aðrir kaupa sér skuldahala og draga á eftir sér um allt land þegar minni menn draga bara á eftir sér tjaldvagna og hafa engar innréttingar né hörð þök eins og skuldahalamir.

Kannski erum við meiri frumbyggjar í okkur en við viljum vera láta og áhugi á „Survivor“ sýnir það kannski best.

Fjarðarpósturinn fer í heilu lagi noður á Akureyri á Landsmót skáta þar sem frumbyggjaþörfinni er sinnt í bland við tölvuþarfir og aðrar nútímaþarfir. Akureyri er nú einu sinni vinabær Hafnarfjarðar og því ekki úr vegi að gera einn Fjarðarpóst Akureyrarskotinn. Gamla 25 ára tjaldið var sent í breytingu til að aðlaga breyttum þörfum en því miður var það eftirlátið skátaflokki og lánstjaldvagn verður að duga sem ritstjórnarskrifstofa Fjarðarpóstins í heila viku.

Tilhlökkunin er mikil enda eru útilegur og ferðalög besta hleðsla fyrir líkama og sál sem hægt er að hugsa sér. Kannski sést það á næstu Fjarðarpóstum en næsti Fjarðarpóstur kemur út 25. júlí.

Með sumarkveðju,  
Guðni Gíslason

# FJARÐARPÓSTURINN

— besti auglýsingamiðillinn fyrir  
Hafnarfjörð!

## Menning & mannlíf

### Fyrirlestur í Straumi

Bandarfkjamaðurinn Mark Norman Brosseau heldur fyrirlestur í Straumi í dag 18. júlí klukkan 19:30. Þar fjallar listamaðurinn um list sína en einnig mun listagnrýnandinn J. B. K. Ransu spyrja spurninga og fá áheyrendur til að taka þátt. Fyrirlesturinn er á ensku.

### Síðasta sýningarhelgi

Sýningu lýkur á málverkum David Alexanders og rýmisverkum listahópsins Distils um helgina.

### Skógarganga í kvöld

Skógarganga Skógræktarfélag Hafnarfjarðar verður í kvöld kl. 20 og er mæting við reiðhöllina að Sörlastöðum og verður gengið um Gráhelluhraun og skógurinn þar skoðaður.

## Bílakirkjugarður í miðjum bænum

kvörtunum ekki sinnt að sögn íbúa á svæðinu

Íbúar við Lækjargötu eru orðnir seinþreyttir á söðaskapnum í portinu við Rafna-húsin. Bílhra og annað drasl er útsýnið sem sumir íbúarnir hafa úr íbúðum sínum. Það má teljast með ólíkindum að svona nokkuð sé látið viðgangast í hjarta bæjarins.


Segjast íbúar hafa kvartað við m.a. heilbrigðisnefnd en ekkert bolar á neinum aðgerðum.



## Vellir - miðsvæði Kynningarfundur

Boðið er til kynningar á deiliskipulagi miðsvæði Valla sem nú er til auglýsingar og kynningar með athugasemdafresti til 2. ágúst n.k.

Fundurinn verður haldinn í  
Haukahúsinu á Ásvöllum  
fimmtudaginn 25. júlí n.k. kl. 16:30.



Skipulags- og byggingarráð  
Hafnarfjarðar

## Úr fundargerðum..

### Íþrótt- og æskulýðsnefnd

#### 2. Kosning formanns og varaformanns.

Stungió var upp á því að Leifur Helgason yrði formaður og Helena M. Jóhannsdóttir varaformaður.

Var það samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.

#### 3. Kosning á fulltrúum í Afreksmannasjóð IBH.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd tilnefndir Leif Helgason og Leif Garðarsson í Afreksmannasjóð IBH. Var það samþykkt samhljóða.

4. Kynning á starfsemi þeirri er varðar íþróttamál.

Íþróttafulltrúi gerði grein fyrir helstu atriðum varðandi íþróttamál og lagði fram ýmis gögn þar um s.s., reglugerð fyrir íþróttaráð frá 1982, yfirlit um verkefni ársins, ársskýrslu ársins 2001 og samstarfsamingna við IBH og íþróttafélögin.

Auk þess var lögð fram fjárhagsáætlun 2002 varðandi íþróttamál og rekstraryfirlit íþróttamannvirkja.

#### 5. Kynning á starfsemi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar mætti vegna þessa liðar í forföllum formans IBH og gerði í stuttu máli grein fyrir helstu atriðum varðandi starfsemi IBH og íþróttahreyfingarinnar.

Leifur Helgason. (sign), Helena M. Jóhannsdóttir. (sign), Leifur S. Garðarsson. (sign), Ingvar S. Jónsson. (sign), Friðrik Ólafsson. (forföll), Árni Guðmundsson. (forföll).

### Skipulags- og byggingarráð

#### 16. Suðurvangur, lóð fyrir fjölbýlishús Mál nr. SN010149

Lagt fram bréf dags. 14. des. 2001 frá bæjarráði Hafnarfjarðar vegna umsóknar frá Feðgum ehf. dags. 7. des. s.l. þar sem þeir óska eftir lóð fyrir fjölbýlishús á opnu svæði austan við Suðurvang í Norðurbæ. Erindið hefur áður fengið umfjöllun á 1146. fundi skipulags- og umferðarnefndar. Lögð fram umsógn bæjarskipulags dags. 11. jan. 2002. Lagt fram nýtt bréf Feðga ehf., dags. 14. maí 2002, með nýrri tillögu Gunnhildar Gunnarsdóttur arkitekts, dags. 14.05.2002, ásamt hljóðtækniskýrslu Hljóðvistar efh. dags. 14.05.2002.

Lagðar fram umsagnir bæjarskipulags vegna bolta-svæða dags. 18. apríl 2002, gatnadeildar vegna umferðar dags. 7. maí 2002 og byggingadeildar vegna áhrifa á skólahverfið.

Skipulags- og byggingarráð synjar framkominni fyrirspurn og telur ekki á þessu stigi æskilegt að fara fram með breytingu á aðal- og deiliskipulagi á Suðurvangsvæðinu. Einnig komu fram á fundinum upplýsingar varðandi greiðslu upptökugjalda á þessu svæði á sínum tíma.



# Hafnirðingar flytjast mikið innanbæjar

Fleiri flytja til bæjarins en frá honum

Heimild: Hagstofan	Fluttur alls				Fluttur milli landa	
	Aðfl. umfram brottfluttur	Aðfluttur alls	Brotfluttur alls	Fluttur innan sv.félags	Aðfluttur	Brotfluttur
<b>Allt landið</b>	<b>337</b>	<b>10.096</b>	<b>9.759</b>	<b>14.753</b>	<b>1.843</b>	<b>1.506</b>
<b>Höfuðborgarsvæði</b>	<b>529</b>	<b>6.642</b>	<b>6.113</b>	<b>9.808</b>	<b>1.212</b>	<b>1.039</b>
Hafnarfjörður	184	924	740	1.190	107	102
Garðabær	67	447	380	206	64	47
Bessastaðahreppur	19	87	68	16	10	13
Kópavogur	273	1.437	1.164	882	153	114
Reykjavík	6	3.303	3.297	7.214	826	718
Seltjarnarnes	-67	151	218	66	24	23
Mosfellsbær	44	285	241	234	27	21
Kjósarhreppur	3	8	5	-	1	1
<b>Suðurnes</b>	<b>-31</b>	<b>594</b>	<b>625</b>	<b>1.216</b>	<b>100</b>	<b>92</b>
Grindavík	-5	98	103	122	13	20
Sandgerði	-9	53	62	74	7	1
Gerðahreppur	1	60	59	70	9	-
Reykjanesbær	-10	321	331	916	64	58
Vatnsleysustrandarhreppur	-8	62	70	34	7	13

Á meðan 740 manns fluttu frá Hafnirðingi á fystu 6 mánuðum ársins fluttu 924 til bæjarins. Þannig bættust 184 við íbúatölu bæjarins en þá er hvorki tekið tillit til fæðinga eða andláta.

Aðeins í Kópavogi fjölga meira með þessum hætti en athygli vekur að fleiri flytjast frá Seltjarnarnesi og Suðurnesjunum en til og aðeins 6 fleiri flytjast til Reykjavíkur en frá borginni.

1. des. sl. voru skráðir 20.232 íbúar í Hafnirðingi, 8.444 í Garðabæ, 24.225 í Kópavogi, 112.276 í Kópavogi 16.725 á Suðurnesjum og 286.275 manns á landinu öllu.

## Íbúar við Hamrabbyggð vilja mála skipulagsákvæði segja steypuáferð á bílskúrum

Það er ekki sjaldan sem deilt er um skipulagsákvæði og oft verður það svo að þeir sem eru síðastir fá flestar breytingar í gegn. Oft undrast menn ástæður sumra

ákvæða og nú vilja íbúar við Hamrabbyggð pússa og mála bílskúrana sína og vilja fá úthlutunarskilmálum breytt og láir þeim það enginn.



Haukamaðurinn Lúðvík fékk FH merki í barminn á leikum um helgina og bar það stoltur.

# Hvað heitir nefndin

Æskulýðs- og íþróttanefnd orðin íþróttá- og æskulýðsnefnd?

Það vekur athygli í fundargerð „æskulýðs- og íþróttanefndar“ (eins og hún heitir í 2. lið fundargerð bæjarstjórnar frá 19. júní sl.) að þar heitir nefndin íþróttá- og æskulýðsnefnd.

Nefndin nefnist „íþróttá- og æskulýðsnefnd“ í „samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar“ sem samþykkt var á sama fundi. Í skipiriti sem Fjarðarposturinn fékk frá formanni bæjarráðs heitir nefndin æskulýðs- og íþróttanefnd.

Liggur eitthvað þarna á bakvið? **Gestafjöldi**

Annað sem vekur athygli er að þarna er verið að setja saman tvær nefndir, æskulýðs- og tómstundaráð og íþróttaráð. Mætti ætla að slík nefnd hefði ærinn starfa og nokkur vinna að samræma vinnuna enda verið að taka saman tvo málaflokka. Hvor nefnd fyrir sig var 5 manna en nýja nefndin er aðeins 3ja manna.

Hlytur að teljast sérstakt að þá verði líklega fleiri utanaðkomandi á nefndarfundum en nefndarmenn eru. Þar sitja æskulýðsfulltrúi og íþróttfulltrúi auk fulltrúa Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem hafði seturétt í íþróttaráð og svo hefur formaður og varaformaður fjölskylduráðs seturétt á fundum nefndarinnar.

Ekki kemur hefur komið fram í neinum samþykktum sem birtar hafa verið heimild fyrir seturétti fulltrúa ÍBH á fundum nefndarinnar en skýr ákvæði eru um seturétt í nefndum í samþykktum bæjarins.

Einnig undirrita gestir fundargerðina sem vart getur talist edlilegt.

### Sjálfstæðismenn skipta út

Gissur Guðmundsson hefur tekið sæti Leifs S. Garðarssonar í nefndinni sem tók hins vegar við sæti Gissurs í fjölskylduráði. Ekki er Fjarðarpostinum kunn ástæðan fyrir þessum hrókeringum.

## Áhyggjur af umferðarhraða á Hringbrautinni



Íbúar ofan Hringbrautar hafa haft samband við Fjarðarpostinn og lýst áhyggjum sínum með aukinn umferðarþunga á Hringbrautinni og aukinn hrað. Griðarleg umferð er um götuna á veturna, sérstaklega fyrst á morgnana þegar nemendur í Flensborgarskóla mæta í skólann.

Segjast þeir hafa haft samband við bæjaryfirvöld og eins hefur foreldrafélag Öldutúnsskóla

ályktað um málið en nemendur skólans sækja leikfimi í Íþróttahúsið við Strandgötu og þurfa að fara yfir Hringbrautina.

Fjölmargar hraðahindranir eru í götunni en þrátt fyrir það eru margir hættulegir staðir þar m.a. gatnamótin við Öldugötu og gatnamótin við Selvogsgötu sem eru einnig slæm fyrir þá sem koma upp götuna, sérstaklega á veturna.

## Útivistarbúðin flytur í Fjörð

fækkun við Bæjarhraun

Útivistarbúðin hefur flutt starfsemi sína af Bæjarhrauninu á 2. hæð í Fjörð þar sem verslunin Róbert bangsi var áður. Hafa þá tvær verslanir flutt af Bæjarhrauninu í Fjörð en Skó-

höllin flutti þangað fyrir skömmu. Er það fagnadarefni að fleiri verslanir bætist við í Fjörð en á sama skapi áhyggjuefni ef starfsemi minnkar við Bæjarhraunið.

# Mánudags sprengitilboð!

Gildir aðeins mánudaginn 22. júlí 2002

50% afsláttur á ýsuhakki m/ lauki

40% afsláttur á blönduðum sjávarréttum

40% afsláttur á hlýrasteikum á grillið

Mikið úrval af fiskréttum, fiski á grillið og grillpinnum

Opíð milli kl. 11 og 18.30

## FISKBÚÐIN OKKAR

Lækjargötu 34b • sími 544 5488

# Skemmtileg típríf hjá unga fólkinu



Sl. fimmtudag fór fram frjálssípróttamót fyrir yngstu kynslóðina í Kaplakrika. Þarna mættu þeir sem tekið höfðu þátt í námskeiðum frjálssípróttadeildar FH en mótið var opið öllum.

Sumir höfðu bara gaman af en aðrir bættu keppnisskapinu við og fóru þetta ágætlega saman.

Mótið fór hið besta fram og fengu keppendur gos og pylsu í mótislok.

**SUMARTILBOÐ**

**Fjörugarðurinn**  
Léttur og góður matur í hádegisml!  
Súpa, salafar og hefur réttur!  
kr. 990,-

**Fjörán**  
Notalegt kvöld og sekkmat!  
3 rétt kvöldverður að hæfni  
fúðarinn!  
kr. 1.950,-

**FJÖRUGARÐURINN**  
Sími 066-1213 www.fjorugarinn.is

## Tignarlegt í Trölladyngju

Borholan sem boruð var í Trölladyngju innan við Höskuldarvelli blæs tignarlegum gufustrók dag og nótt en borað var við tiltölulegan nýjan hver sem þar hafði myndast.

Ágætt er að leggja bíl við Höskuldarvelli og þaðan er hægt að ganga að mörgum fallegum stöðum, þröngu gili, upp á Keili og víðar.

# Við erum flutt í Fjörðinn!

## OPNUNARTILBOÐ:

Vermont regngallar. Jakki með tveimur vösum, hettu og buxum. **Kr. 2.990,-**

Þægilegar Seville flíspeysur fyrir bæði kyn í fjórum litum. **Kr. 3.890,-**

Sherpa útvistarbuxur sem hægt er að breyta í stuttbuxur, þrjú litir. **Kr. 4.900,-**

Action útvistarbuxur úr bómull og polyester með góðum vösum. **Kr. 3.900,-**



**ÚTIVISTARBÚÐIN**

VERSLUNARMÍSTÖÐIN FJÖRÐUR  
HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 77 44

# Halló



## Smáauglýsingar

### Er tölvan biluð?

Sækjum og sendum. Ódýr og góð þjónusta. Tölvuþjónusta Rithor sími 849 2502.

### Smiður í boði

Arkitekt og vanur smiður vill komast í smiðavinnu í sumar. Uppl. í síma 822 8480.

### Íbúð óskast

4 herb. íbúð óskast frá 1. sept. Skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 822 1449 e.kl. 16

## Öll almenn lóðavinna

..pallasmíði, hellulögn, útvegum trjáskur í beð o.fl.

**S. Ó. GARÐVERK EHF.**  
Símar: 822 3650 • 891 9129

## Skóviðgerðir Töskuviðgerðir Lyklasmíði Brýningar



Reykjavíkurvegi 68 • 565 1722

## Stíflupjónusta Geirs

Fjarlægri stíflur í frárennislögnum, wc, vöskum og baðkorum. Rörmyndavél til að ástandsskoða lagfir. Uppl. í síma 565 3342 og 697 3933.

## Meindýraeyðing

Við önnumst meindýraeyðingu fyrir Hafnarfjörð, alhliða þjónusta. Meindýraeyðing Hafnarfjarðar Sími 822 3713, alltaf við.

## Sérsumur og breytingar

Tek að mér sérsum ásamt fataviðgerðum og breytingum. Á. Andreasen • sími 565 0641

## HERBALIFE

sjálfstæður dreifingaradili

Allar vörur ávallt á lager.

**Hanna Sími: 694-6940**  
Heimkeyrsla. Visa/Euro

## Loftnets uppsetningar

Viðgerðir og stillingar. Fagmenn.

**Loftnet IJ ehf.**  
Sími 696 1991.



Skutlur, Lítlir bílar,  
Milli bílar, Stórir bílar  
**Sendibílastöð**  
**Hafnarfjarðar**  
Helluhrauni 4  
Sími 555-1111

# FH og Delta semja



Knattspyrnudeild FH skrifaði undir nýjan styrktarsamning við lyfjaframleiðandann Delta sl. laugardag. Guðmundur Árni Stefánsson formaður deildarinnar skrifaði undir samninginn fyrir hönd FH og Harpa Leifsdóttir fyrir hönd Delta.

Sem kunnugt er styrkti FH meistaraflokk karla á síðustu leiktíð en nú hefur sú breyting verið gerð á að Delta mun styrkja alla aldursflokka, bæði karla og kvenna, á leiktíðinni sem nú er nýhafin. Stefnt verður að því að árlega verði haldið Delta-mót í knattspyrnu fyrir yngstu aldursflokka pílta og stúlkna. Auglýsing frá Delta verður ekki aðeins á búngunum meistaraflokksliðs karla heldur einnig á búngunum allra liða knattspyrnudeildar FH.



Meindýraeyðing í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi  
Nagdyr Geitungar Skordýr



Dreifing með Íslandspósti inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

**Færðu betri auglýsingamiðil?**



Kemur ekki út 8. ágúst



## Aðstoð við alla þætti útfarar

Traust og persónuleg þjónusta



**Útfararstofa Hafnarfjarðar**

Stapahrauni 5  
Sími 565 5892



## Þegar andlát ber að

Við feðgar höfum séð um útfarir í Reykjavík og Hafnarfirði frá árinu 1990.

Bakvaktapjónusta um kvöld og helgar.

**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020.**

Rúnar Geirmundsson  
útfararstjóri

Sigurður Rúnarsson  
útfararstjóri



**Útfararþjónustan ehf.**  
www.utfarir.is  
Stofnað 1990

# Glatt á hjalla á Sólvangi



Þegar sólin skín bregða vistmenn sem það geta og starfsmenn sér út á verönd og grilla í hádegjun. Síðdegiskaffið er svo gjarnan drukkið neðan við húsið þegar veðrið er gott enda góðviðrisdagarnir teknir sem hátíðisdagar. Það var glatt á hjalla þegar blaðamann Fjarðarþóstsins bar þar að á dögnum og er ekki hægt að segja annað en konurnar séu sportlegar með derhúfurnar!



Sigþrúður Ingimundardóttir og Sigmundur Viggósson kampakát í sólinni en Sigmundur stjórnaði fjöldasöng á staðnum.

# Kvöldganga

Frásögn eftir Brynjólfur Brynjólfsson:

Það var komið fram yfir miðnætti þegar ég fór út að ganga. Ég fór frá Strandgötu 41 þar sem ég bjó og gekk í suður eftir Strandgötunni og beygði upp með kirkjunni og meðfram læknum. Það var



teygði sig hægt að mér og klappaði á vasann hjá mér og bölvaði aftur þegar hann fann fyrir byssunni. Hann bakkaði að bílhurðinni og sagði mér að gera ekkert í fljótræði. Ég heyrði

lofn og mjög gott veður. Ég fór yfir brúnna og gekk upp með læknum, beygði upp Hverfisgötuna og gekk hana í norður.

Ég hafði stungið í hægri jakkavasa minn skammbyssu af Smith & Vesson gerð 38 cal. Það var jólanótt og friður í sálum manna. Ég hafði tekið eftir að hinu megin við lækinn var bandarískur herbíll á ferð. Ég sá of seint hvað þeir sem þarna voru á ferð ætluðust fyrir. Bíllinn kom á eftir mér yfir brúnna og upp með læknum en varð að snúa við vegna þess að ég var kominn upp fyrir hindrun sem þarna var á götunni. Hann snéri við og kom á eftir mér eftir Hverfisgötunni þar stoppaði bíllinn við hliðina á mér og út kom bandarískur hermaður og miðaði á mig skammbyssu. Hann gaf mér skipanir að rétta upp hendurnar og rétta fram veskið mitt. Ég setti hægri höndina í jakkavasann og spenniti byssuna. Hermaðurinn bölvaði með sjálfum sér og spurði hvað ég væri með í vasanum. Ég sagði honum það og að hún væri spennit. Hann

að hann fékk það ráð frá félögum sínum að rota mig með byssunni.

Hann fór inn í bílinn og ók af stað og ég horfði á bensíntankinn á bílnum það hvarflaði að mér að skjóta á tankinn. Ég gerði það ekki og var mjög ánægður með það eftir á. Lögreglan vissi að ég hafði byssu undir höndum og reyndi að fá mig til þess að selja sér hana en ég sagðist mundi láta hana af hendi þegar bandaríska setuliðið væri farið af landi brott og jafnframt að ég mundi aldrei skjóta á nokkurn mann og við þetta tvennt stóð ég.

Skafti Egilsson varð sá maður sem ég valdi til þess að kaupa af mér byssuna. Lögin um slík vopn urðu ekki ströng fyrir en löngu seinna. Hermaðurinn sem þarna hafði afskipti af mér kom eitt kvöld á hotel Björninn þar sem ég var dyravörður og þegar hann sá mig varð hann hræddur en ég sagði honum að hann gæti verið óhræddur því ég mundi ekki kæra hann. Hann þakkaði fyrir og sagði að hann væri leiður yfir atvikinu. Ég sá hann aldrei framar.

# Víðistaðakirkja

Sumarguðspjónusta  
sunnudagskvöldið 21. júlí kl. 20

Guðbjörg Tryggvadóttir söngkona  
og Úlrik Ólason organisti  
flytja fallega tónlist

Allir velkomnir  
sóknarprestur

## Vel miðar með Lækjarskóla



Hann virðist ekki langt kominn nýi Lækjarskólinn en þó er farið að dúkleggja og ekkert sem á að hindra að hluti hans verði tekinn í notkun í haust eins og áformað hefur verið.



## Forstöðumaður í félagsmiðstöð

Æskulýðs- og tómsundaráð Hafnarfjarðar auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns í félagsmiðstöðinni Öldunni sem staðsett í Öldutúnskóla

Krafist er menntunar á sviði æskulýðs- og uppeldismála. Laun eru samkvæmt kjarasamningum STH og Hafnarfjarðarbæjar.


Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Guðmundsson æskulýðs- og tómsundafulltrúi í síma 585 5750.

Umsóknum ber að skila á skrifstofu Æskulýðs- og tómsundaráðs Hafnarfjarðar Strandgötu 33 220 Hafnarfirði fyrir 26. júlí n.k.

Æskulýðs- og tómsundafulltrúinn  
í Hafnarfirði

## Voru einhverjir á undan víkingunum?

Ómar Smári Ármannsson spyr:  
Hverja má telja til frumbyggja eyjarinnar?



Elsta ritaða heimild um sögu Íslands er frásögn gríska landkönnuðarins Pýþeasar frá því um 300 fyrir Krist. Þar segir frá eyju í norðri

Þorgilssonar, en þá merku bók ritaði hann á árunum 1122-1133 e.Kr. Þar segir svo frá: „Þá voru hér menn kristnir; þeir er Norðmenn kalla papa, en þeir fóru síðar á braut, af því þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn, og létu eftir sig þætur írskar og bjöllur og bagla; af því mátti skilja að þeir voru írskir.“

Ári ritaði bók sína 250 árum eftir komu norrænna manna og hafði því við lítið annað að stýðjast en munnmælasögur. Þá var bók hans fyrst og fremst ætluð sem nokkurs konar „jarðarbók“ með ekki síst það hlutverk að festa í sessi ráðandi ættir þess tíma með hliðsjón af skipulagi Alþingis.

Orðið papi merkir faðir eða prestur. Papar virðast hafa verið einsetumunkar sem lifðu fábrotu og einföldu lífi. Þeir sigldu um Suðreyjar og nágrenni Bretlandseyja á litlum húðkeipum sem þeir nefndu curach í leit að nýjum og óbyggðum stöðum til að iðka trús sína í ró og næði. Þótt fáar skýrar fornminjar hafi fundist um veru papa hér á Íslandi þá er óneitanlega gnægð af örnefnum með tilvísunum í einsetumunkana. Nægir þar að nefna Papey á Austfjörðum, Papyli fyrir austan, Papafjörð í Lóni og talið er að Apavatn hafi upphaflega heitið Papavatn. Í fornum heimildum er þess einnig getið að á Kirkjubæ hafi papar búið áður en Ketill hinn íffliski, landnámsmaður, reisti þar bú.

Mörgum hefur fundist skrýtið hversu bústofn norrænna landsnámsmanna óx skömmu eftir landnám þeirra. Til eru nokkrar tilvitnanir í Íslendingasögur þess efnis, s.s. sagan af Hafur-Birni og landnámsmönnum í Hvalfirði. Talið er að Hjaltdlandseyjar hafi verið byggðar Keltum áður en norrænir menn tóku þar yfir, yfirtóku bústofninn og flæmdu eyjaskeggja á braut. Sama á við um Færeyjar.

Ekki er ólíklegt að draga sömu ályktun um Ísland, enda stutt á milli eyjanna. Þrátt fyrir að fornleifafræðingar telji að engar minjar sem fundist hafa hingað til sanni að papar hafi siglt hingað, hafa fundist þrjár litlar bronsbjöllur í heiðnum kumlum sem freistandi er að eigna írskum einsetumunkum. Þá nefnir Ari fróði bagla, en baglar þessir hafa að öllum líkindum verið einfaldir göngustafir förumunka en ekki skreyttir biskupsstafir þótt bagall merki það nú. Loks hafa fundist krossristur í hellum víðs vegar um landið en ómögulegt er að tímasetja þær.

Nú er unnið að rannsókn nokkurra þeirra á Rangárvöllum með hliðsjón af svipuðum hellaristum á Írlandi. Ef papar létu sér ekki nægja einfalda hellisskúta sem húþyli er mjög líklegt að skýli þeirra hafi verið einföld og látlaus. Þess háttar bústaði er því miður mjög erfitt að greina með fornleifarannsóknum.

Einnig ber á það að líta að lítið sem ekkert hefur verið gert að því að leita skipulega að fornminjum hér á landi, hvað þá fornminjum sem lítil tiltrú er á að hafi verið til staðar. Nögu erfitt er að greina sel frá því á 18. öld, eða fyrir 200 árum, hvað þá látlausa bústaði frá því 1200 árum fyrir.

Ef fyrstu víkingarnir sem hingað komu hafa hitt fyrir kristna Íra má telja víst að heiðingjar hafi haldið uppteknu hætti í samskiptum sínum við þá; rænt og ruplað, hneppt í þrældóm eða hrakið þá af landi brott. Það sætir því ekki furðu að hinn prestlærði Ari hafi skammast sín fyrir heiðna forfedur sína og reynt að skrifa sem minnst um papana.

Hús, sem hafa verið endurbýggð og enn standa í Landsveit, hafa óyggjandi keltneskt toppbyggingalag. Fornar garðhleðslur eru líkar því sem þekktust á Írlandi. Hringlaga hlaðnar fjárborgir hafa sama handbragð

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á skipulagsáætlun

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.br., er hér með auglýst samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á breytingu á:

deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ Hafnarfirði

Breytingin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 23. apríl 2002. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið.

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. júlí n.k.

Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi Hafnarfjarðar að Strandgötu 8 - 10, 3. hæð, Hafnarfirði.



Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

og þekktust á Írlandi. Má þar t.d. nefna fjárborgina í Óbrennis-hólma í Krýsvík sem og garðhleðslur, grafreit og skála í Húshólma.

Munir, sem fundist hafa í fornum gröfum, s.s. á Hafurbjarnastöðum í Garði, benda til þess að þar hafi keltneskt fólk verið greftað.

Fornar þjóðleiðir á hraunleiðum eru furðu mikið niðurgrafnar þar sem hraun skömmu eftir norrænt landnám rann yfir hluta þeirra. Fleira mætt nefna.

Það ætti því enginn að afskrifa tilvist eldri forfedra Íslendinga en þeirra er segir af norrænum mönnum, enda benda blóðrannsóknir til þess að Íslendingar megji rekja ættir sínar engu síður til Írlands en til Skandinavíu.

Spurningin er bara; hversu lengi hefur verið búið á Íslandi, hverja má telja til frumbyggja eyjarinnar og hvenær ætla fornleifafræðingar að skilja að hér kann að hafa búið fólk löngu áður en samþykktar sagnir herma?





**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
**520 7500**

*Við kynnum að meta eignina þína!*

Bæjarhrauni 10 • Fax 520 7501  
hraunhamar@hraunhamar.is



**Íspan**  
GLER OG SPEGLAR  
**54 54 300**



**Aðalskoðun hf.**  
Helluhrauni 4  
sími: 555 33 55

# Andstæður á Hvaleyri



Ljóm.: Guðni Gíslason



**Nudd & ráðgjöf**  
Kínverkst nudd & orkumeðferð  
1990 — 2002

- Mýkri axlir —
- Sterkara bak —
- Aukin orka —
- Betri árangur —

**Matti Osvald**  
sumartilboð út júlí!

Hafðu samband — Frí ráðgjöf  
sími: 694 3828 • mattio@vortex.is

# 2-2 jafntefli gegn Villareal frá Spáni

Yfir 500 manns fylgdust með skemmitlegum leik í roki og rigningu

Þó ekki gangi vel hjá FH-ingum í Íslandsmótinu í knattspyrnu þá verður að teljast góður árangur að komast í aðra umferð í Evrópukeppni, tapa úti 2-0 fyrir spænsku úrvalsdeildarliði og gera jafntefli 2-2 hér heima.

vel. Villareal misnotaði a.m.k. þrjú dauðafæri og ótrúlegt að sjá leikmenn þessa liðs hitta ekki boltann.

Benekikt Árnason skoraði fyrra markið eftir hornspyrnu frá Jóni Þ. Stefánssyni og Baldur Bett skoraði seinna markið,



Þessi mynd er táknræn fyrir veðrið á laugardaginn.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Þó svo FH-ingar hafi verið fyrri til að skora þá má segja að þeir hafi nýtt tækifæri sín mjög

stórglæsilegt mark. Fyrra mark Villareal kom eftir nokkuð hnoð fyrir framan mark heima-

manna en seinna markið sem var gullfallett kom eftir slæma hreinsun frá marki.

Heimir Guðjónsson lék ekki með FH þar sem hann hafði fengið 2 gul spjöld en FH-ingar áttuðu sig ekki á því að nýlega var reglum breytt og fara menn ekki í leikbann fyrir en eftir 3 gul spjöld.

Leikið var á aðalvællinum í fyrsta sinn í sumar og er völlurinn gullfallett en greinilega mun mýkri en frjálsþróttavöllurinn, allavega í bleytni.

Fimleikaflokkur úr Björkum létu bleytuna ekki á sig fá og sýndi listir sýnar í upphafi og lok leiksins og voru Spánverjar greinilega agnoda að sjá þessar fáklaðu stúlkur leika listir sýnar í kuldanum.

# Hafnarfjörður rokkaði



Ljóm.: Marín Hafnesdóttir

Síðustu helgina í júní var haldin rokksmiðja í listamiðstöðinni Straumi og tónleikar með hljómsveitunum Botnleðju, Sign, Úlpu, Stolú og Stjörnu-kisa. Það var hljómsveitin Botnleðja sem sá um framkvæmdina í samvinnu við menningarfulltrúa og starfsfólk ÆTH.

Að sögn menningarfulltrúa vilja menn endurtaka rokksmiðju-

una Hafnarfjörður rokka að ári enda um einstaklega skemmtilegan viðburð að ræða og fátíðan. Krakkarnir sem komu í Straum til að nema um rokkið voru á aldrinum 6-19 ára, en flestir í kringum 12 ára. Kennt var á trommur, bassa og gítar og eins hvernig upptökustúdíó virkar heima í herbergi svo eitthvað sé nefnt.



**FRÁBÆR TILBOÐ!**  
Þú sækir eða við sendum!  
**565 2525**